

**62. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn 18. nóvember 1998, að Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason. Jón Ólafsson, hrl., kom einnig á fundinn vegna 1. dagskrárliðar.

Dagskrá:

- 1. Auðsholtsmál – lögð fram greinargerð Þorgeirs Örlygssonar, prófessors, um málið.**
Jón Ólafsson gerði grein fyrir málavöxtum og hugsanlegu áframhaldi málsins.
Samþykkt að áfrýja málinu til Hæstaréttar með atkvæðum Karls og Guðmundar. Sesselja sat hjá. Jóni Ólafssyni falið framhald málsins.
- 2. Fundargerðir verkefnisstjórnar kjötmjölsverksmiðju og stofnfundargerð Kjötmjöls ehf., og fundargerð 1. stjórnarfundar.**
Framkvæmdastjóri sagði frá undirbúningi og stöðu málsins.
Stjórn staðfesti framlagðar fundargerðir fyrir sitt leyti.
- 3. Ráðningarsamningur við Guðmund Tr. Ólafsson, ásamt starfslýsingu.**
Tillaga að samningi lögð fram og samþykkt með lítils háttar breytingum.
- 4. Starfsleyfi fyrir Sorpstöð Suðurlands sem tók gildi 22. sept. sl. lagt fram.**
Framkvæmdastjóri skýrði út hver útfærsla gr. 3.4 yrði eftir samtöl við fulltrúa Umhverfissráðuneytis og Hollustuverndar. Framkvæmdastjóra falið að afla skriflegrar túlkunar þessara aðila á þessu atriði.
- 5. Fokgirðing á urðunarsvæði.**
Framkvæmdastjóri skýrði frá hugmyndum sem fram eru komnar um slíka girðingu.
Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að öflun upplýsinga um málið.
- 6. Lagðar fram upplýsingar um söfnunaráttak á rafhlöðum, innsöfnun á pappír og fernum og sörpmagn til urðunar það sem af er árs.**
- 7. Önnur mál.**
 - 7.a. Sesselja spurðist fyrir um kurlara Sorpstöðvarinnar og benti á möguleika varðandi stórvirkari kurlara.**
Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.
- 8. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 9. desember nk. kl. 09:00**

Fundi slitið kl. 15:30

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Sesselja Jónsdóttir.
Þorvarður Hjaltason.